

Ísland á 20. öld

KENNARI:

Guðni Th. Jóhannesson (gudnith@hi.is, sími 525-4716, 895-2340).

STAÐUR OG STUND:

Mánudagar kl. 11:00-12:30 í stofu 422 í Árnagarði.

MARKMIÐ:

Að veita yfirlit um sögu Íslands frá því um aldamótin 1900 og fram á okkar daga.

KENNSLUHÆTTIR:

Kennsla fer að mestu fram með fyrirlestrum á íslensku. Jafnframt verða vettvangsferðir ef tilefni gefst.

LESTRAREFNI:

Skyldulesefni:

Helgi Skúli Kjartansson: *Ísland á 20. öld*. Reykjavík 2002 (fæst hjá Sögufélagi við Fischersund í Reykjavík (upp af Ingólfstorgi, opið 14-18:00 á virkum dögum)).

Tillögur að öðrum yfirlitsritum:

Gunnar Karlsson: *Íslandssaga í stuttu máli*. Reykjavík 2000.

Gunnar Karlsson: *Sjálfstæði Íslendinga 3*. Reykjavík 1999.

Ísland í aldanna rás [1-3]. Aðalhöfundur Illugi Jökulsson. Reykjavík 2000-2002.

Íslandssagan í máli og myndum. Ritstjórar Árni Daníel Júlíusson og Jón Ólafur Ísberg. Reykjavík 2005.

Íslenskur söguatlas 2-3. Ritstjórar Árni Daníel Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg og Helgi Skúli Kjartansson. Reykjavík 1992 og 1993 (þetta er eldri útgáfa af *Íslandssögu í máli og myndum*).

Hliðsjónarrit á ensku:

Esbjörn Rosenblad og Rákel Sigurðardóttir-Rosenblad (Alan Crozier þýddi á ensku): *Iceland from past to present*. Reykjavík 1993 (þetta rit er líka til á þýsku og sænsku).

Gunnar Karlsson, *Iceland's 1100 Years. The History of a Marginal Society*. Reykjavík 2000.

NÁMSMAT:

Lagt er til að námsmat verði sem hér segir:

1. Stúdentar skrifa eina stutta ritgerð. Hún á að vera byggð á viðtali við einhvern Íslending og má vera um hvað sem er úr ævi hans eða hennar (til dæmis um æsku á Íslandi, störf, breytingar á þjóðfélaginu á æviskeiðinu og svo framvegis). Allt kemur til greina!
Allir sem ætla sér að ljúka námskeiðinu verða að skila ritgerð.

Ritgerðin gildir **20% af lokaeinkunn.**

2. Skriflegt lokapróf í lok vorannar. Prófað verður úr því námsefni sem farið verður í á vorönn. Frestur til að segja sig úr prófi rennur út 10. apríl.

Prófið gildir **80% af lokaeinkunn.**

Athygli skal vakin á því að til þess að standast námskeiðið verða stúdentar að ná lágmarkseinkunninni 5,0.

HELSTU ÁHERSLUATRÍÐI:

Fyrri hluti:

9. jan.	Inngangur: yfirlit námskeiðsins
16. jan.	Lok sjálfstæðisbaráttunnar: heimastjórn og fullveldi
23. jan.	Iðnbylting á Íslandi: tæknibreytingar og þjóðfélagsþróun á fyrstu áratugum 20. aldar
30. jan.	Nýtt flokkakerfi. Kreppan á Íslandi
6. feb.	Heimsstyrjaldir og stofnun Lýðveldis
13. feb.	„Bandamaðurinn tregi”: Ísland og kalda stríðið
20. feb.	Upplestrar- og ritgerðarvika: enginn fyrirlestur

Síðari hluti:

27. feb.	Ferð í Alþingishúsið
6. mars	Þorskastríðið
13. mars	„Sjálfstætt fólk”: Ísland og Evrópa
20. mars	„Ísland fyrir Íslendinga”: Þjóðernishyggja og afstaða til útlendinga á 20. öld
27. mars	„Fjórflökkakerfið”, kvennaframboð og almenn stjórn málaþróun eftir seinna stríð
3. apríl	1) Vernd og/eða nýting náttúrunnar: hvalveiðar, þungaiðnaður og virkjanir á 20. öld 2) Samantekt: frá fátækt í fámenni til hagsældar í borgum og bæjum